



2005



2004



2003




2002



2001

Framtíðarsýn

Íslensks prentiðnaðar



Íslenskar prentsmiðjur
sterk þjónustufyrirtæki í stöðugri sókn



2 **Útgefandi:** Samtök iðnaðarins. **Hönnun:** Brynjar Ragnarsson og Ólafur Gunnar Guðlaugsson. **Prentun:** Svansprent ehf. Allur réttur áskilinn.



FRAMTÍÐARSÝN



3

**Fjölbreytt þjónusta
og heildarlausnir**

FRAMTÍÐARSÝN

Arðbær og sterk þjónustufyrirtæki í stöðugri sókn

Prentiðnaðurinn hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Greinin er orðin svo þróuð og tæknivædd að rekstur í þeim iðnaði er ekki lengur á allra færi. Ímynd hans er sterk meðal almennings og fjárfesta. Nýting tækja hefur stórbatnað vegna samþjöppunar, sérhæfingar og samvinnu á markaðinum. Fyrirtæki hafa verið skráð á Verðbréfaþing Íslands og við hlið þeirra starfa mörg lítil sérhæfð prentfyrirtæki. Nær allt íslenskt efni er prentað á Íslandi og útrás prentfyrirtækja á erlenda markaði hefur skilað miklum árangri sem skiptir margar íslenskar prentsmiðjur verulegu máli. Það sýnir að íslensk prentfyrirtæki eru vel samkeppnishæf. Hagnaður þeirra hefur verið góður og vel yfir 10% á síðustu árum.

Fjölbreytt þjónusta og heildarlausnir tryggja ánægju viðskiptavina

Fyrirtæki leggja áherslu á að bjóða heildarlausnir svo sem geymslu gagna og hýsingu heimasíðna. Viðskiptavinurinn getur treyst prentfyrirtækjum innan SI og þau leggja áherslu á góð tengsl við viðskiptavini. Þjónustuhraði og gæði eru mikil (PRINT ON DEMAND).

Verksalar og verkkaupar hafa komið sér upp sameiginlegum gagnagrunni þar sem viðskiptavinirnir geta sett fram óskir sínar og fengið svör við fyrirspurnum. Þessi þjónusta er vel kynnt og prentiðnaðurinn fylgist vel með þjónustustiginu með því að mæla ánægju viðskiptavina reglulega.


Þjónustusetur, sem leigja út kerfi, hugbúnað og letur, tryggja hnökralaus samskipti án miðstýringar. Tryggt hefur verið að greitt sé fyrir höfundar- og notkunarrétt efnis.

Blómlegur útflutningur

Útflutningur á prentverki frá Íslandi hófst af alvöru fyrir nokkrum árum og hefur verið í stöðugum vexti. Búið er við að hann nemi 30-40% af veltu fyrirtækjanna á næstu árum. Með nýrri löggjöf hefur samkeppnisstaða íslenskra prentfyrirtækja styrkst til muna og jafnframt hafa gæði prentverks aukist. Nokkur íslensk prentfyrirtæki stofnuðu umboðsskrifstofu í Mið-Evrópu og vinna saman að því að afla erlendra verkefna. Íslensk fyrirtæki eru sérhæfð í hágæðaprentun í litlu upplagi. Samhliða þessu hefur innflutningur minnkað og nemur einungis 5% af heildarveltu prentiðnaðarins.

**Ánægðir viðskiptavinir
og arðbær fyrirtæki**

FRAMTÍÐARSÝN



Mannauður, þróun og starfs- umhverfi til fyrirmyndar

Óflugt menntastarf hefur leitt til þróttmikils prentiðnaðar í starfsumhverfi þar sem fjölskyldu- og umhverfissvæn gildi eru höfð í fyrirrúmi. Nú er svo komið að prentiðnaðurinn er talinn til fyrirmyndar bæði hérlendis og erlendis hvað varðar umhverfismál.

Ungu fólki, bæði konum sem körlum, finnst störf í prentiðnaðinum eftirsóknarverður kostur meðal annars vegna starfsumhverfis og góðra launa. Skil milli starfsgreina innan grafíska iðnaðarins eru orðin minni en áður var með stofnun „Grafíska háskólans.“ Betri menntun og þekking starfsfólks á framleiðsluferli hefur leitt til aukins hagnaðar í greininni og styttri vinnutíma en áður.

5

Fyrirtæki í forystu

HVAÐ ÞARF TIL?

Árangursríkt markaðs- og kynningarstarf

Frá árinu 2001 hefur iðnaðurinn staðið fyrir öflugri kynningu sem hefur leitt til fjölgunar verkefna jafnt innlands sem utan og hefur aukið hagnað fyrirtækja innan greinarinnar. Sameiginleg sölu- og markaðsskrifstofa í Evrópu hefur aflað aukinna verkefna. Skrifstofan tekur þátt í sölusýningum erlendis til að kynna íslenskt prentverk. Fleiri verkefni krefjast verulegrar fjölgunar starfa innan greinarinnar. Samtök iðnaðarins upplýsa námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum um kosti þess að leggja stund á nám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum sem vænlegs ævistarfs.

Dagur prentiðnaðarins er haldinn ár hvert. Þar er lögð áhersla á að kynna prentiðnað, kosti bókarinnar og prentaðs máls sem hluta af menningu þjóðarinnar. Átak til að gera iðnaðinn umhverfisvænan hefur skilað góðum árangri.

Stjórnendur í fremstu röð

Stjórnendur íslenskra prentfyrirtækja eru vel menntaðir og hafa skýra framtíðarsýn fyrir eigin fyrirtæki og greinina í heild. Þeir afla sér sí- og endurmenntunar og nýta sér nýjustu upplýsingatækni og aðferðir í rekstrinum. Góð þekking þeirra leiðir til

þess að þeir eru víðsýnir og óþreytandi við að leita nýrra markaða og leiða til þess að bæta reksturinn og auka framlegð. Þeir beita virkri kostnaðarstýringu og hafa sett upp árangurs- og afkomutengd launakerfi sem tryggja aukna framleiðni til hagsbóta fyrir fyrirtækin og starfsmenn þeirra.

Öflug og áhugaverð menntun í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum

Í mörgum framhaldsskólum landsins er boðið öflugt nám fyrir prentiðnaðinn. Þar er m.a. kennd grafísk hönnun, fjölmiðlafræði, hönnun/prentsmíði, margmiðlun, prentun, bókband og aðrar greinar upplýsinga- og fjölmiðlunar. Starfsfólk í prentiðnaði er flest með framhalds- og/eða háskólamenntun að baki. Fjöldi fólks stundar framhaldsnám erlendis, m.a. í grafískri verkfræði. Þetta hefur leitt til þess að nægt frambod er af vel menntuðu starfsfólki sem er metnaðarfullt og býr yfir mikilli þekkingu á efni og tækjum. Gott samstarf er milli skólanna og fyrirtækja í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Þar sem endurmenntun er þáttur í stefnumörkun prentsmiðja er hún mikilvægur hluti af rekstri þeirra.

Árangursríkt markaðsstarf og góð menntun

HVAÐ ÞARF TIL?



Regluleg námskeið eru haldin innanhúss en auk þess er fjarnám hluti af starfsþjálfun. Starfsmannaskipti við prentmiðjur erlendis eru tíð og norræn samvinna blómstrar. Námskeið fyrir ófaglærða, stjórnendur, sölumenn og skrifstofufólk eru haldin reglulega. Kennarar í greininni fá reglulega endurmenntun á vinnustöðum. Þrátt fyrir tækniþróun í greininni er handverkinu - grunnþekkingunni - haldið við með námskeiðahaldi.

Virk tækni- og framþróun

Íslenskur prentiðnaður fylgist vel með nýjungum og framförum og tekur þátt í alþjóðlegri þróun í upplýsingatækni og miðlun. Meiri sjálfvirkni og stafræn prentun hefur rutt sér til rúms og leitt til styttri verkferla, betri nýtingar tölvubúnaðar og meiri tækniþekkingar starfsfólks. Íslenskur prentiðnaður er nú fær um að framleiða efni til miðlunar á geisladiskum, vefjum, stafrænum pappír og öllum þekktum miðlum. Þetta hefur orðið til að vekja áhuga fjárfesta á greininni.

Samkvæmt gæðakerfi SI fyrir prentsmiðjur og auglýsingastofur hefur sameiginlegur staðall verið innleiddur fyrir skil á efni til prentunar og miðlunar. Staðallinn hefur einfaldað mjög samskipti prentsmiðja, auglýsingastofa og viðskiptavina. Upplýsingatækni-

HVAD ÞARF TIL?

og miðlunarfyrirtæki innan SI hafa nýtt sér ýmsar UT-lausnir til hagræðingar og miðlunar fyrir fyrirtækin, s.s. samræmt framleiðslu - og tilboðsforrit, gagnagrunn sem inniheldur útboð á markaði, form fyrir verkbeiðnir, vinnuferla, stansasafn, umbrotsform, firmamerki, fonta og ljósmyndir til útleigu eða sölu samkvæmt höfundarréttarlögum og gjaldskrá viðkomandi fagfélags.

Íslenskur prent- og miðlunariðnaður býður nú áhugaverð tækniþjónustur sem hafa vakið áhuga ungs fólks á námi í greininni.

Virk og samræmd gæðakerfi – aukin gæði, betri þjónusta

Samtök iðnaðarins hafa komið á áfangaskiptri vottun á gæðakerfum fyrir prentsmiðjur sem tekur mið af því hversu vel fyrirtæki eru á veg komin í gæðakerfi sínu. Vottunin tekur ennfremur til umhverfismála og starfsumhverfis. Þessar upplýsingar hafa verið gerðar aðgengilegar viðskiptavinum. Allar prentsmiðjur, sem vinna samkvæmt gæðakerfi SI, fylgja fastmótuðum og samræmdum gæðastaðli sem er hluti af vottunarkerfinu.

Frá því að þetta kerfi var tekið upp hafa samskipti viðskiptavina og prentsmiðja batnað til muna. Viðskiptavinir eru nú fróðari um þjónustu hverrar

prentsmiðju, auk þess sem samræmdur gæðastaðall tryggir að þeir geta gengið að vísum gæðum þess sem prentað er. Sem dæmi um samræmingu má nefna að þar sem ferlið frá sýnirhorni til prentunar hefur nú verið staðlað í hverri prentsmiðju geta viðskiptavinir treyst því að endanleg prentun verði í samræmi við það.

Þverfaglegt samstarf styrkir samkeppnisstöðu og leiðir til betri þjónustu

Samstarf prentsmiðja, auglýsingastofa og menntastofnana í tengdum greinum á Íslandi hefur aukist verulega á undanföllum árum. Innan greinanna starfa nú hópar sem vinna meðal annars að aukinni kynningu á starfsgreinunum. Til skamms tíma hefur verið gefið út fréttabréf sem gegnir því hlutverki að koma sjónarmiðum þeirra á framfæri. Samtök iðnaðarins hafa ennfremur tekið að sér að bera íslenskan prentiðnað saman við slíka starfsemi í helstu samkeppnislöndum okkar.

Aukið samstarf hefur einnig leitt til betri þjónustu fyrir viðskiptavini. Fyrir nokkru var settur á laggirnar opinn og gagnvirkur útboðsvefur þar sem viðskiptavinir geta sett fram óskir sínar og fengið tilboð um hæl. Ennfremur hefur verið stofnaður gagnabanki fyrir þessar iðngreinar þar sem hægt er

Samstarf styrkir samkeppnisstöðu

HVAÐ ÞARF TIL?

að nálgast rafræn gögn á borð við leturgerð, stansa, vörumerki, umbrotsform og myndir.

Samvinna um hagkvæm innkaup aðfanga

Íslenskur prentiðnaður er vel tæknivæddur og notar besta hugbúnað sem völ er á hverju sinni. Notkun ólöglegs hugbúnaðar er óþekkt m.a. vegna útboða á vegum á SI, prentsmiðja og auglýsingastofa á sameiginlegum innkaupum á faghugbúnaði. Þetta hefur aukið framleiðni greinarinnar og bætt ímynd hennar.

Birgjar og prentsmiðjur hafa unnið að því sameiginlega að ná niður kostnaði vegna innkaupa á tækjum og hráefnum. Þar hefur verið horft til hagkvæmni eigin innkaupa fyrirtækja og gegnum sterka innlenda birgja sem búa yfir mikilli tækniþekkingu og góðum samböndum við framleiðendur. Með þessu fyrirkomulagi hefur náðst lágmarks fjármagnsbinding hráefna hjá prentsmiðjunum.


Með aukinni samvinnu birgja og prentsmiðja hefur náðst fram lækkun farmgjalda með stórinnskupum. Þetta hefur aukið samkeppni í flutningum til og frá landinu og verð á rekstrarvörum hér á landi er nú svipað og í öðrum Evrópulöndum.

Samtök iðnaðarins - Öflug miðlun upplýsinga og hagsmunagæsla

Öflugt kynningar- og upplýsingastarf Samtaka iðnaðarins hefur leitt til þess að til eru ýtarlegar upplýsingar um umfang og stöðu íslensks prentiðnaðar. Greining á framleiðslupáttum iðnaðarins er nú aðgengileg í hagtölum sem Samtök iðnaðarins gefa út reglulega.

Sameiginlegt aðgengi að fyrirtækjum innan Samtaka iðnaðarins hefur skapað hagræði bæði fyrir fyrirtækin og viðskiptavinum þeirra. Öflugur útboðs- og gagnagrunnur hefur verið settur upp þar sem fyrirtæki og neytendur geta á einfaldan hátt nálgast upplýsingar um prentun og þjónustu. Samstarf við erlend hagsmunasamtök hafa auðveldað íslenskum fyrirtækjum útflutning á almennu prentverki. Starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, þ.á.m. fjármálalegt umhverfi, er almennt með því besta sem þekkist.

HELSTU VERKEFNI



- Afkomuhvetjandi launakerfi - frammistöðutengd laun
- Framleiðslu- og tilboðskerfi
- Gæðastjórnun og vottun
- Kynning á íslenskum prentiðnaði
- Könnun á nánara samstarfi menntastofnana í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum
- Samræming og stöðlun í prentverki
- Sí- og endurmenntun í prentiðnaði
- Tímarit grafíska iðnaðarins - samstarf um breytt hugarfar
- Tækniyfifærsla og tækniþróun
- Tölfræði og upplýsingar
- Umhverfismál prentiðnaðarins
- Útflutningsráð íslenska prentiðnaðarins
- Vefsetur prentiðnaðarins
- Viðskiptaskilmálar og verkefnaskil

SAMSTARF UM STEFNUMÓTUN

Framtíðarsýn íslensks prentiðnaðar

Samtök iðnaðarins hafa unnið að því að móta framtíðarsýn og marka stefnu í greininni í samráði við fyrirtæki í íslenskum prentiðnaði. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja nú fyrir og mótuð hefur verið framkvæmdaáætlun um verkefni. Fjölmarginir hafa komið að þeirri vinnu en meginlínurnar voru lagðar í vel skipulagðri hópvinnu sem hófst á hádegi 18. janúar 2001 og lauk á sama tíma daginn eftir. Auk þess voru haldnir tveir stuttir fundir þar sem farið var yfir niðurstöður og framkvæmdaáætlanir. Á milli funda hittust fjórir vinnuhópar einu sinni til tvisvar til að útfæra framkvæmd á afmörkuðum sviðum.

Meginniðurstöður eru settar fram í framtíðarsýn ásamt forsendum fyrir að hún geti orðið að veruleika. Þær eru birtar í formi þulartexta í kvikmynd sem lýsir stöðu greinarinnar árið 2005. Auk þess eru áhersluverkefni mótuð og gerðar tillögur um framkvæmd þeirra. Í þessu riti er sýnin birt í heild og taldar upp forsendur hennar og verkefni sem nauðsynlegt er að vinna. Áhersluverkefni breytast ört eftir því sem framkvæmd verksins miðar og þau eru því höfð aftast í ritinu á lausum blöðum sem skipta má út.



Davíð Lúðvíksson
Forstöðumaður / Starfsgreinar, þjónusta og þróun



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Borgartúni 35 - Pósthólf 1450 - IS 121 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is